

Nd.

224. Nefndarálit

[48. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og orðið sammála um, að ekki sé rétt að taka ákvörðun um málið að svo stöddu, með því að þingkjörin nefnd vinnur nú að endurskoðun laga um kosningar til Alþingis og laga um sveitarstjórnarkosningar. Leggur því nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að þingkjörin nefnd vinnur nú að endurskoðun gildandi laga um kosningar til Alþingis og laga um sveitarstjórnarkosningar, telur deildin ekki ástæðu til að taka afstöðu til frumvarps þessa að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. nóv. 1954.

Kristín Sigurðardóttir,
form.

Ásgeir Bjarnason,
fundaskr.

Einar Ingimundarson,
frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Gunnar Jóhannsson.